



STEFNA ALCOA UM REGLUFYGLNI Í ALPJÓÐLEGUM VIÐSKIPTUM

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki þess á alþjóðavettvangi og í Bandaríkjunum, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Alcoa Corporation („Alcoa“) og stjórnendur fyrirtækisins eru skuldbundnir til að stjórna allri starfsemi fyrirtækisins um allan heim, á siðferðislega réttan hátt og í samræmi við öll gildandi lög og reglugerðir. Allir starfsmenn Alcoa verða að gæta þess að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem gilda um inn- og útflutningsstarfsemi Alcoa á heimsvísu. Helstu reglugerðir sem stjórna alþjóðlegum viðskiptum eru reglugerðir U.S. Customs and Border Protection (CBP), International Traffic in Arms Regulations (ITAR), Export Administration Regulations (EAR), reglugerðir gegn viðskiptabanni, Office of Foreign Assets Control (OFAC) og álíka lög á heimsvísu. Fyrirtækið og allir starfsmenn Alcoa, sem stunda alþjóðleg viðskipti, bera ábyrgð á að þekkja og fylgja þessum reglugerðum. Það eru góðir viðskiptahættir að fylgja lögum og reglugerðum á sviði alþjóðlegra viðskipta og slíku verður ekki fórnað fyrir viðskiptalegan ávinning.

Aðallögfræðingur Alcoa ber ábyrgð á að innleiða þessa stefnu. Framkvæmdastjóri á sviði viðskiptafylgni á heimsvísu fellur undir teymi aðallögfræðings og nýtur stuðnings hjá neti fylgnifulltrúa viðskipta (hópur viðskiptafylgni) og lagadeildar Alcoa. Aðstoð er í boði fyrir Fyrirtækið og starfsmenn Alcoa við að fylgja þessum reglugerðum. Að tilmælum aðallögfræðings gefur framkvæmdastjóri hnattrænnar viðskiptareglufylgni út, í gegnum viðskiptafylgniteymið, fylgnistaðla á sviði alþjóðaviðskipta svo hægt sé að framfylgja þessari stefnu. Staðlarnir lýsa fyrirtækiskröfum um fylgni við lög og reglugerðir sem þessi stefna nær yfir. Staðlarnir tilgreina einstaklinga sem bera ábyrgð á ákveðnum athöfnum á sviði alþjóðlegrar viðskiptafylgni. Allir starfsmenn Alcoa þurf að fylgja stöðlunum. Að tilmælum aðallögfræðings hefur framkvæmdastjóri hnattrænnar viðskiptareglufylgni heimild til að endurskoða staðlana svo þeir fylgi breytingum á gildandi lögum, reglugerðum og bestu starfsvenjum án frekara samþykkis frá framkvæmdastjórn.

PERSÓNULEG ÁBYRGÐ:

Allir starfsmenn Alcoa bera persónulega ábyrgð á því að haga sér í samræmi við lagalega staðla og takmarkanir sem eiga við skylduverk þeirra, eins og við á, bandarísk lög um viðskiptafylgni og gildandi landslög. Brot á viðkomandi lögum getur valdið því að starfsmaður Alcoa og/eða fyrirtækið hljóti opinbera refsingu. Brot á stefnu þessari geta leitt til agaaðgerða, allt að og að meðtalinni brottvikningu.

Spurningum um hvort viðskipti séu viðeigandi eða hvort um hugsanlegt brot sé að ræða skal vísað til hlutaðeigandi tengils vegna viðskiptasamskipta (trade compliance liaison), framkvæmdastjóra hnattrænnar viðskiptareglufylgni (Director of Global Trade Compliance) og/eða lagadeildar.

Í stefnu þessari á eftirfarandi við:

Innflutningur. Innflutningur er vara sem flutt er inn í land frá öðru landi. Við innflutning þurfa allir starfsmenn Alcoa að fylgja gildandi lögum og reglugerðum, sem fjalla um atriði á borð við merkingu vara, matsverð vara, greiðslu tolla og skýrsluhald.

Útflutningur. Útflutningur nær yfir: (a) Senda hlut eða tækni efnislega eða rafrænt yfir alþjóðleg landamæri eða að veita viðtakanda í öðru landi þjónustu; eða (b) uppljóstrun upplýsinga fyrir einstakling af erlendu bergi brotinn, án tillits til staðsetningar hans eða hennar. Undir engum kringumstæðum fer sala fram sem stríðir gegn gildandi útflutningslögum og -reglugerðum.



STEFNA ALCOA UM REGLUFYGLNI Í ALÞJÓÐLEGUM VIÐSKIPTUM

Viðskiptabönn. Viðskiptabann er að hafna því að eiga viðskipti við annan aðila. Allir starfsmenn Alcoa verða að fylgja bandarískum lögum um viðskiptabann, en þau banna bandarískum fyrirtækjum að taka þátt í efnahagslegu viðskiptabanni erlendis sem Bandaríkin eru ekki aðili að (gott dæmi um slíkt er viðskiptabann Arab League á hendur Ísrael). Einnig verða fyrirtækin að tilkynna allar beiðnir um viðskiptabönn sem þau móttaka.

Refsingar og viðskiptabönn. Allir starfsmenn Alcoa verða að fylgja gildandi lögum og reglugerðum varðandi efnahagslegar þvinganir, sem geta náð yfir viðskiptabönn eða aðrar takmarkanir á viðskiptum við ákveðin lönd, hópa eða einstaklinga.

HEIMILDIR OG TILVÍSANIR:

Fylgnistaðlar Alcoa á sviði alþjóðlegra viðskipta:

- 1.1 Innflutningstollflokkun
- 1.2 Útflutningsflokkun
- 2.1 Innflutningsleyfi
- 2.2 Valfrjálsar viðskiptatengdar áætlanir
- 2.3 Tollfríðindaáætlanir
- 2.4 Upprunaland: Skráning og merking
- 3.1 Fylgniskimun
- 3.2 Stjórnun á útflutningsstýrðum upplýsingum
- 3.3 Samningar heimavarnarráðuneytis Bandaríkjanna
- 3.4 ITAR miðlun Bandaríkjanna
- 4.1 Yfirlýst gildi (innflutningur og útflutningur)
- 4.2 Endurskoðun innflutningsviðskipta
- 4.3 Endurskoðun útflutningsviðskipta
- 5.1 Þjálfun og skilningur
- 5.2 Kröfur skýrsluhalds
- 5.3 Tilkynningaferli fyrir aukningu
- 5.4 Flutningsmilliliðir